

Austurland

Tækifæri til að opna samskiptin upp á gátt



Fjölmenna á Þjóðahátíð: Erlendir starfsmann Kárahnjúkavirkjunar taka hátíðinni á Egilsstöðum opnum örmum. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Þjóðahátíð Austfirðinga verður haldin á Egilsstöðum á sunnudag. Þar er fagnað þeirri menningarlegu fjölbreytni sem einkennir nú Austurland og markmiðið að fólk tileinki sér umburðarlyndi fyrir ólíkum trúarbrögðum, menningu, siðum og venjum. Rauði kross Íslands stendur fyrir hátíðinni.

María Ósk Kristmundsdóttir er verkefnisstjóri Þjóðahátíðar. Hún segir hana nú haldna í þriðja sinn á Austurlandi. "Mjög margir sjálfboðaliðar, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök leggja hér hönd á plóginn" segir María. "Um hundrað manns koma að undirbúningi og annað eins af fólki verður með þjóðakynningar á hátíðinni, þar sem verða tuttugu básar frá fjórtán þjóðlöndum og í þeim er fólk af öllu Austurlandi að kynna þjóðir sínar."



Kárahnjúkafólk ætlar að mæta

"Fólk er yfirleitt kátt og tilbúið til að taka þátt" segir María og tekur fram að útlendingarnir í Kárahnjúkavirkjun hafi verið sérstaklega jákvæðir. "Okkur gekk þó í fyrstu illa að ná sambandi þangað því fáir tala ensku. Við fórum nýlega í vettvangsferð uppeftir og fengum frábærar móttökur. Hátíðin er einmitt höfð á sunnudegi svo að mannskapurinn ofan úr Kárahnjúkum geti mætt á sínum vikulega frídegi. Rúmlega þrjátíu þjóðir eru nú í Kárahnjúkum og við fengum fólk frá Kína, Filippseyjum, Portúgal, Pakistan og Rússlandi til að vera með kynningar. Erfitt reyndist að ná sambandi við aðra og kom á óvart að Ítalir treystu sér ekki til að vera með. Þeir voru þó mjög duglegir við að drífa hina áfram."

Innflytjendur einangraðir

Hvað stöðu útlendinga á Austurlandi varðar, segist María Ósk telja að fólkið sé svolítið einangrað, eins og innflytjendur almennt. "Þeir eru settir í ákveðinn flokk af Íslendingum. Eins og sérstaklega er með Kárahnjúka og fólkið þar, að ákveðin afstaða er ríkjandi hjá heimamönnum. Þeir segjast margir ekki nenna niður í bæ á sunnudögum þegar fólk frá Kárahnjúkum ver þar frídegi sínum. Það vantar svolítið upp á að heimamenn þjóði útlendingana velkomna og það er það sem við erum að reyna að gera með Þjóðahátíðinni."

Sú spurning kemur upp af hverju sveitarfélögin á Héraði hafi ekki lagt meira og sýnilegra af mörkum til að bjóða útlendinga úr Kárahnjúkum velkomna á svæðið, t.a.m. með skoðunarferðum eða sérstökum viðburðum.

"Það vantar svolítið," segir María Ósk. "Það er deyfð í þessum samskiptum. Auðvitað vill þetta fólk koma og blandast okkur. Maður fann fyrir því í vettvangsferðinni í Kárahnjúkum. Það var svo upplífandi að koma þangað og sterk viðbrögð við samskiptunum.

Nú geta gamlir og grónir heimamenn sýnt innflytjendum góðan hug sinn með því að mæta á Þjóðahátíð, vera þar og spjalla við útlendingana á opinskáan og jákvæðan hátt. Þetta er dagurinn til að opna samskiptin upp á gátt."

Á laugardagskvöld verður hist í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum kl. 20, þar sem minnast á friðar og bræðralags þjóða með kertaflýtingu og tónlist.

Þjóðahátíð hefst svo í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum kl. 14 á sunnudag og stendur fram til kl. 18.